

Nd.

489. Frumvarp

til laga um skipströnd og vogrek.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

Samhljóða þskj. 221, með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá at-

burðum með firðskeyti eða samtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og váttryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu pósthæð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr. hljóðar svo:

Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað og rjett að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert hafært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefnir tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Af atkvæða ræður úrslitum.

9. gr. hljóðar svo:

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að alt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert hafært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minst.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.